

Nemendur og námslok við 24 ára aldur

Students and qualifications at the age of 24

Samantekt

Á Íslandi eru 4.352 einstaklingar fæddir árið 1982. Nám og námslok þessara einstaklinga eru skoðuð í nemendaskrá og prófaskrá Hagstofu Íslands til ársins 2006. Það ár er þessi árgangur 24 ára. Niðurstöðurnar sýna að 62,1% árgangsins höfðu lokið einhverju námi á Íslandi árið 2006. Langflestir höfðu lokið stúdentsprófi og eru brautskráningar úr bóknámi um 60% brautskráninga á framhaldsskólastigi. Þeir sem teljast hafa menntunarstöðu framhaldsskólastigs, það er geta haldið áfram námi á næsta skólastigi fyrir ofan, voru 58,3% árgangsins. Fleiri konur luku námi en karlar. Þannig hafa 65,8% kvenna lokið framhaldsskólastiginu en 51,4% karla. Fleiri íbúar á höfuðborgarsvæðinu luku námi en nemendur á landsbyggðinni. Alls luku 62,4% þeirra sem voru búsettir í Reykjavík árið 1997 framhaldsskólastiginu en 48,3% íbúa á Suðurnesjum og á Vestfjörðum. Úr þessum árgangi hafa 1.427 stundað nám að loknum grunnskóla á Íslandi án þess að hafa lokið námi árið 2006. Þar af er tæpur fjórðungur ennþá í námi haustið 2006, alls 334 nemendur. Í árganginum eru 224 einstaklingar sem ekki hafa stundað nám á Íslandi að loknum grunnskóla, eða 5,1% árgangsins.

Inngangur

Niðurstöður byggðar á nemendaskrá og prófaskrá

Hagstofa Íslands safnar saman upplýsingum um nemendur í framhaldsskólum, sérskólum og háskólum á Íslandi á hverju hausti. Gagnasöfnunin miðast við fjölda nemenda um miðjan október. Þessi gögn mynda grunninn að nemendaskrá Hagstofu Íslands, sem nær aftur til ársins 1975. Í nemendaskrá eru einnig taldir nemendur erlendis samkvæmt gögnum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Frá árinu 1995 hefur verið safnað upplýsingum um alla nemendur sem útskrifast úr framhaldsskólum, sérskólum og háskólum á Íslandi. Þessi gögn hafa verið notuð til að byggja upp prófaskrá Hagstofu Íslands. Með samanburði á nemendaskrá og prófaskrá má sjá hvort nemendur sem skráðir hafa verið til náms samkvæmt nemendaskrá hafi lokið námi, og hvenær þeir voru útskrifaðir. Einnig má sjá hversu stór hluti af árgangi hefur lokið námi á Íslandi.

Í þessu riti verður árgangurinn sem fæddist árið 1982 skoðaður. Aðaláherslan er á nemendur í þessum árgangi, nám þeirra og námslok til ársins 2006, árið sem þeir eru 24 ára. Námsferill nemenda er skoðaður í nemenda- og prófaskrá Hagstofu Íslands. Áður hafa verið gerðar rannsóknir á námsferli árganganna 1969 og 1975 á Íslandi.¹

¹ Sjá t.d.: Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 1992: Námsferill í framhaldsskóla. Reykjavík: Félagsvísindastofnun; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002: Ungt fólk og framhaldsskólinn. Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.



ISCED97 menntunarflokkunin

Nám er flokkað samkvæmt alþjóðlegu menntunarflokkuninni ISCED97. Í flokkuninni tekur framhaldsskólastig, ISCED stig 3, við af grunnskóla. Margir nemendur bæta við sig námi að loknu framhaldsskólastigi. Nokkrir taka nám á viðbótarstigi, ISCED stigi 4, en þar undir fellur nám að loknu framhaldsskólastigi sem ekki er á háskólastigi. Að loknu stúdentsprófi halda flestir áfram námi beint á háskólastigi, ISCED stigi 5. Efsti stig er doktorsstig, ISCED stig 6. Nánari upplýsingar um flokkunina má finna á heimasíðu Hagstofu Íslands (www.hagstofa.is/ISCED97).

Árgangurinn 1982

4.352 íbúar fæddir árið 1982

Í þessu riti verður sjónum beint að íbúum á Íslandi sem fæddust árið 1982. Í grunnhópnum eru þeir sem fæddir eru árið 1982 og bjuggu á Íslandi samkvæmt þjóðskrá 31. desember 1997. Á þeim tíma munu flestir í þessum árgangi hafa stundað nám á síðasta ári grunnskólans. Frá árinu 1982 til ársloka 1997 hafa nokkrir þeirra sem fæddust á Íslandi árið 1982 látist eða flutt úr landi en aðrir hafa flust til Íslands. Þeir sem eru fæddir árið 1982 og fluttust til Íslands eftir 1. janúar 1998 eru ekki í úrtakshópnum. Úrtakshópnum er fylgt eftir og skoðað hversu margir þeirra koma fram í námi í nemendaskrá Hagstofu Íslands. Megináhersla er lögð á þá nemendur sem hafa lokið námi á Íslandi samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands frá upphafi skrárinnar til ársloka 2006 en það ár er þessi hópur 24 ára. Skoðuð er brautskráning þessara nemenda og hversu stór hluti hópsins hefur ekki lokið neinu námi á Íslandi.

Í árganginum 1982 hinn 31. desember 1997 eru 4.352 einstaklingar, 170 fleiri karlar en konur (tafla 1). Voru 232 þeirra fæddir erlendis en í þeim hópi eru m.a. börn íslenskra foreldra sem búa í útlöndum þegar barnið fæðist og börn sem eru ættleidd til Íslands. Erlendir ríkisborgarar voru 38. Hlutfall þeirra sem bjuggu í útlöndum fór vaxandi frá árinu 1998. Flestir bjuggu í útlöndum árið 2006, eða 7,9% árgangsins. Á árunum 1998 til 2006 létust 19 úr hópnum.

Tafla 1. Íbúar fæddir 1982

Table 1. Residents born in 1982

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Hlutfall <i>Percent</i>		
				Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Íbúar fæddir 1982 <i>Residents born in 1982</i>	4.352	2.261	2.091	100,0	100,0	100,0
Fæddir erlendis <i>Not born in Iceland</i>	232	114	118	5,3	5,0	5,6
Erlendir ríkisborgarar 1997 <i>Foreign citizens 1997</i>	38	22	16	0,9	1,0	0,8
Erlendir ríkisborgarar 2006 <i>Foreign citizens 2006</i>	15	8	7	0,3	0,4	0,3
Búsettir erlendis öll árin 1998–2006 <i>Residents abroad all years 1998–2006</i>	13	7	6	0,3	0,3	0,3
Látnir 1998–2006 <i>Deceased 1998–2006</i>	19	13	6	0,4	0,6	0,3

Skýringar Notes: Meðtaldir eru íbúar fæddir árið 1982 sem voru á íbúaskrá 31.12.1997. *Included are residents born in 1982 who were residents in Iceland 31.12.1997.*

Yfirlit yfir námsferil árgangans 1982

62,1% hafa lokið einhverju námi
að loknum grunnskóla

Alls hafa 94,8% árgangans stundað nám á Íslandi samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands (tafla 2). Að auki hafa 10 nemendur stundað nám erlendis samkvæmt gögnum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Því hafa samtals 95% árgangans stundað nám sem skráð er í nemendaskrá Hagstofunnar. Þegar allt er talið hefur 2.701 nemandi lokið einhverju námi samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands, eða 62,1% árgangans. Langflestir hafa lokið námi á framhaldsskólastigi, eða 61,5% og 1,3% hafa lokið námi á viðbótarstigi, þ.e. námi sem bætt er við nám á framhaldsskólastigi. Alls hafa 11,1% árgangans lokið námi á háskólastigi við 24 ára aldur. Ekki er hægt að leggja saman hlutfall þeirra sem hafa lokið námi á hverju skólastigi fyrir sig þar sem sumir hafa lokið námi á fleiri en einu stigi. Þegar allt er tekið saman hafa 224 nemendur ekki verið skráðir í nám í nemendaskrá Hagstofu Íslands, eða 5,1% árgangans (mynd 1). Tæpur þriðjungur (32,8%) árgangans, 1.427 manns, hefur verið í námi en ekki lokið því.

Tafla 2. Námsferill árgangans 1982


Table 2. Education history of the 1982 cohort

	Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Hlutfall <i>Percent</i>		
				Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Íbúar fæddir 1982 <i>Residents born in 1982</i>	4.352	2.261	2.091	100,0	100,0	100,0
Hafa stundað nám á Íslandi skv. nemendaskrá <i>In the Icelandic student register</i>	4.125	2.107	2.018	94,8	93,2	96,5
Alls útskrifaðir 1995–2006 <i>Total graduated 1995–2006</i>	2.701	1.244	1.457	62,1	55,0	69,7
Útskrifaðir af framhaldsskólastigi <i>Graduates at the upper secondary level</i>	2.676	1.236	1.440	61,5	54,7	68,9
Útskrifaðir af viðbótarstigi <i>Graduates at the post-secondary, non-tertiary level</i>	57	26	31	1,3	1,1	1,5
Útskrifaðir af háskólastigi <i>Graduates at the tertiary level</i>	485	194	291	11,1	8,6	13,9

Skýringar *Notes:* Meðtaldir eru íbúar fæddir árið 1982 sem voru á íbúaskrá 31.12.1997. Í nemendaskrá eru taldir nemendur sem hafa stundað nám ofan grunnskóla. Að auki stunduðu 10 nemendur lánshæft nám erlendis, sem ekki hafa stundað nám á Íslandi. *Included are residents born in 1982 who were residents in Iceland 31.12.1997. The student register lists students who study above compulsory education. In addition, 10 students studied abroad who had never studied in Iceland.*

Mynd 1. Staða 1982 árgangsins við 24 ára aldur

Figure 1. Status of the 1982 cohort at the age of 24



Fleiri konur en karlar hafa lokið einhverju námi

Mun hærra hlutfall kvenna en karla í þessum hópi hefur stundað nám og útskrifast. Þannig hafa 96,5% kvenna og 93,2% karla stundað nám á Íslandi. Meira en tvær af hverjum þremur konum (69,7%) hafa lokið einhverju námi en samsvarandi hlutfall meðal karla er 55%. Tæplega 100 fleiri konur hafa lokið háskólanámi við 24 ára aldur en karlar, eða 291 á móti 194 körlum.

Fleiri karlar en konur hafa lokið starfsnámi

Sumir nemendurnir hafa verið brautskráðir af fleiri en einni námsbraut. Brautskráningar eru því fleiri en brautskráðir nemendur. Tafla 3 sýnir yfirlit yfir brautskráningar árgangsins. Þeir 2.676 nemendur sem hafa útskrifast af framhaldsskólastigi hafa 3.674 brautskráningar að baki. Margir hafa fyrst lokið stuttu námi og síðan bætt við sig lengra námi, t.d. iðnnámi eða stúdentsprófi. Brautskráningar úr bóknámi eru um 60% allra brautskráninga á framhaldsskólastigi. Konur hafa brautskráðst í sex af hverjum tíu brautskráningum úr bóknámi á framhaldsskólastigi en karlar í rúmlega sex af hverjum tíu brautskráningum úr starfsnámi.

Tafla 3. Brautskráningar nemenda í árgangi 1982 árin 1995–2006

Table 3. Graduations of students born in 1982 in the years 1995–2006

	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Hlutfall Percent		
				Alls Total	Karlar Males	Konur Females
Brautskráningar alls <i>Graduations total</i>	4.227	2.032	2.195	100,0	48,1	51,9
Brautskráningar af framhaldsskólastigi						
<i>Graduations at the upper secondary level</i>	3.674	1.808	1.866	100,0	49,2	50,8
Þar af brautskráningar úr bóknámi						
<i>Thereof graduations from general progr.</i>	2.196	900	1.296	100,0	41,0	59,0
Þar af brautskráningar úr starfsnámi						
<i>Thereof graduations from vocational progr.</i>	1.478	908	570	100,0	61,4	38,6
Brautskráningar af viðbótarstigi <i>Graduations at the post-secondary, non-tertiary level</i>	59	26	33	100,0	44,1	55,9
Brautskráningar af háskólastigi <i>Graduations at the tertiary level</i>	494	198	296	100,0	40,1	59,9

Skýringar *Notes:* Brautskráningar eru fleiri en brautskráðir nemendur þar sem sumir hafa brautskráðst oft en einu sinni. For-starfsnám er talið með starfsnámi. *There are more graduations than there are graduates, because some students have graduated more than once. Pre-vocational programmes included in vocational programmes.*

Upplýsingar um brautskráningar eftir sviðum má finna í töflum 12, 13 og 14 í viðauka. Þar má m.a. sjá að á framhaldsskólastigi eru 61% brautskráninga úr grunnnámi, en þar með flokkast stúdentspróf. Næstflestar brautskráningar eru á sviðinu verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð en þar eru 15,4% brautskráninga. Á framhaldsskólastigi telst á þessu sviði t.d. ýmiss konar iðnnám. Á viðbótarstigi eru flestar brautskráningar á sviði þjónustu, 55,9%. Þar á meðal telst ýmislegt nám á sviði ferðamála, svo og meistaranám í snyrtigreinum. Næstflestar brautskráningar á viðbótarstigi eru í verkfræði, framleiðslu og mannvirkjagerð, 23,7% brautskráninga. Þeirra á meðal er t.d. iðnmeistaranám í byggingaiðnum. Á háskólastigi eru flestar brautskráningar á sviði félagsvísinda, viðskipta og lögfræði, eða 39,1% brautskráninga.

Flestir útskrifast í fyrsta skipti árið 2002

Fyrstu nemendurnir útskrifuðust árið 1998

Fyrstu nemendurnir í þessum árgangi koma fram í prófaskrá Hagstofunnar árið 1998, þegar þeir luku stuttu starfsnámi, s.s. fyrsta stigi vélstjórnar (tafla 4). Langstærsti hópurinn útskrifast í fyrsta skipti árið 2002, sem fer saman við lengd náms til stúdentsprófs og ýmiss lengra starfsnáms, s.s. margra iðngreina (mynd 2).


Tafla 4. Fyrsta brautskráning nemenda í árgangi 1982 í prófaskrá

Table 4. First graduation of students born in 1982 in the register of graduations

Ár Year	Alls Total	Karlar Males	Konur Females
Alls Total	2.701	1.244	1.457
1998	3	3	–
1999	47	29	18
2000	277	131	146
2001	237	109	128
2002	1.153	463	690
2003	453	209	244
2004	275	152	123
2005	131	76	55
2006	125	72	53

Mynd 2. Fyrsta brautskráning nemenda í árgangi 1982 í prófaskrá

Figure 2. First graduation of students born in 1982 in the register of graduations



Hverjir hafa lokið framhaldsskólastigi?

Ekki telst allt nám á framhaldsskólastigi með í skilgreiningu á menntunarstöðu

Að ljúka námi á framhaldsskólastigi er ekki það sama og að teljast hafa lokið framhaldsskólastiginu þegar menntunarstaða einstaklings er metin. Verið getur að námsleiðin teljist of stutt til þess að útskrift geti talist til námsloka á framhaldsskólastigi þegar menntunarstaða er ákvörðuð. Almennt gildir að við námslok af bóknámsleiðum sem veita aðgang að háskólastigi teljist framhaldsskólastigi vera lokið. Styttri námsleiðir í starfsnámi þykja of stuttar til þess að geta talist til námsloka á framhaldsskólastigi þegar menntunarstaða er metin. Í alþjóðlegum samanburði á menntunarstöðu eru því undanskildar þær námsleiðir í starfsnámi á framhaldsskólastigi sem eru meira en einu ári styttri en námsleiðir til stúdentsprófs í viðkomandi landi. Miðað við fjögurra ára nám til stúdentsprófs hér á landi telst framhaldsskólastigi því ekki lokið eftir námslok af starfsnámsleiðum sem eru styttri en þrjú ár, þegar menntunarstaða er mæld.

Alls hafa 58,3% árgangsins lokið framhaldsskólastiginu

Alls höfðu 2.512 nemendur í þessum árgangi lokið námi á framhaldsskólastigi, sem var a.m.k. þrjú ár að lengd (tafla 5). Að auki höfðu 7 nemendur lokið námi af viðbótarstigi án þess að hafa lokið námi á framhaldsskólastigi samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands. Flestir þessara nemenda höfðu lokið námi af ferðamálabraut eða flugþjónustubraut. Einnig höfðu 18 nemendur lokið námi á háskólastigi án þess að koma fram í prófaskrá með útskrift af framhaldsskólastigi. Meirihluti þessara nemenda hafði útskrifast úr ýmiss konar listnámi á háskólastigi, en nokkrir höfðu lokið almennu háskólanámi. Einhverjir nemendanna kunna að hafa lokið framhaldsskólanámi erlendis, eða verið teknir inn í háskólanám vegna fyrra náms eða reynslu, enda þótt þeir hafi ekki lokið framhaldsskóla. Einnig er mögulegt að einhverja nemendur hafi vantað á útskriftarlista frá skólum til Hagstofu Íslands. Þegar allt er talið hafa 2.537 nemendur lokið a.m.k. framhaldsskólastiginu samkvæmt skilgreiningu á menntunarstöðu, eða 58,3% árgangsins. Mun fleiri konur en karlar hafa lokið framhaldsskólastiginu, eða 65,8% á móti 51,4% karla.

Tafla 5. Nemendur fæddir 1982 sem hafa lokið framhaldsskólastigi

Table 5. Students born in 1982 who have attained upper secondary education

Prófgráða	Alls	Karlar	Konur
<i>Diploma</i>	<i>Total</i>	<i>Males</i>	<i>Females</i>
Hæfnispróf <i>Diploma of competence</i>	63	35	28
Réttindapróf verkgreina <i>Vocational certificate</i>	32	18	14
Burtfararpróf úr iðn <i>Certified trade, school certificate</i>	88	67	21
Sveinspróf úr iðn <i>Journeyman's examination</i>	212	159	53
Stúdentspróf starfsgreina <i>Matriculation vocational</i>	141	92	49
Stúdentspróf almennt <i>Matriculation general</i>	1.976	782	1.194
Alls á framhaldsskólastigi <i>Total upper secondary level</i>	2.512	1.153	1.359
Próf á viðbótarstigi <i>Diplomas at the post-secondary non-tertiary level</i>	7	1	6
Próf á háskólastigi <i>Tertiary level diploma or degree</i>	18	7	11
Lokið framhaldsskólastiginu alls			
<i>Total upper secondary level attainment</i>	2.537	1.161	1.376

Skýringar Notes: Þessir nemendur teljast allir hafa lokið framhaldsskólastiginu samkvæmt skilgreiningu á menntunarstöðu. *These graduates all have upper secondary level educational attainment.*

Námslok á framhaldsskólastigi eftir lögheimili haustið 1997


Fleiri nemendur búsettir á höfuðborgarsvæðinu höfðu lokið framhaldsskólastiginu en nemendur á landsbyggðinni

Fleiri nemendur fæddir 1982 sem voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt þjóðskrá 31. desember 1997 höfðu lokið framhaldsskólastiginu en þeir sem voru búsettir á landsbyggðinni á sama tíma (mynd 3). Þannig luku 62,4% þeirra sem voru búsettir í Reykjavík árið 1997 framhaldsskólastiginu og 60,4% þeirra sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Skammt á eftir koma íbúar á Suðurlandi en 58,9% þeirra luku framhaldsskólastiginu. Hins vegar höfðu 48,3% íbúa á Suðurnesjum og á Vestfjörðum árið 1997 lokið framhaldsskólastiginu árið 2006.

Mikill munur er á hlutfalli karla sem hafa lokið framhaldsskólastiginu eftir landsvæðum (tafla 6). Rúmur þriðjungur (36,3%) karla á Vestfjörðum hefur lokið framhaldsskólastiginu við 24 ára aldur. Á Suðurnesjum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Austurlandi hefur innan við helmingur 24 ára karla lokið framhaldsskólastiginu árið 2006, eða á bilinu 44,2% til 46,1% árgangans. Minni munur er á hlutfalli kvenna sem hefur lokið framhaldsskólastiginu. Á Suðurnesjum hefur rúmlega helmingur (51,1%) árgangans lokið framhaldsskólastiginu og 56,5% á Vesturlandi. Annars staðar á landinu hefur a.m.k. 62% kvenna í árganginum lokið framhaldsskólastiginu.

Mynd 3. Nemendur sem lokið hafa framhaldsskólastigi eftir lögheimili 1997

Figure 3. Students who have attained upper secondary education by domicile in 1997



For translation of names of regions see table 6.

Tafla 6. Nemendur sem lokið hafa framhaldsskólastigi eftir lögheimili 1997
 Table 6. Students who have attained upper secondary education by domicile in 1997

Landsvæði lögheimilis 1997 <i>Region of domicile 1997</i>	Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Hlutfall <i>Percent</i>		
				Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Alls Total	2.537	1.161	1.376	58,3	51,3	65,8
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	1.516	705	811	61,6	55,2	68,6
Reykjavík	927	438	489	62,4	57,2	68,0
Utan Reykjavíkur <i>Excl. Reykjavík</i>	589	267	322	60,4	52,1	69,5
Suðurnes <i>Southwest</i>	131	63	68	48,3	45,7	51,1
Vesturland <i>West</i>	138	73	65	53,1	50,3	56,5
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	73	29	44	48,3	36,3	62,0
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	97	40	57	54,2	46,0	62,0
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	245	106	139	55,7	46,1	66,2
Austurland <i>East</i>	125	53	72	54,1	44,2	64,9
Suðurland <i>South</i>	212	92	120	58,9	50,3	67,8

Skýringar Notes: Hlutfall af 1982 árganginum. Miðað er við lögheimili nemenda í þjóðskrá 31.12. 1997. *Percentage of the 1982 age cohort. Students' domicile in the national population register on 31.12. 1997.*

Hæsta próf sem nemendur hafa lokið

1.629 hafa lokið stúdentsprófi

Prófum sem árgangurinn 1982 hefur lokið er raðað eftir lengd náms og þeim réttindum sem það veitir. Röðin er sú sama og í töflu 7, þ.e. grunnprófi á framhaldsskólastigi er raðað sem lægsta prófi og meistaragráðu í háskóla raðað efst, þar eð inni úr þessum árgangi hefur enn lokið doktorsprófi.

Stúdentspróf er langalgengasta prófið sem árgangurinn 1982 hefur lokið, þegar hæsta próf er skoðað (mynd 4). Alls höfðu 1.629 lokið stúdentsprófi, langflestir almennu stúdentsprófi. Fjórtán úr hópnum höfðu einungis lokið grunnprófi á framhaldsskólastigi, t.d. grunndeild iðna eða almennri braut. Tæplega 300 (289) höfðu lokið birtfararprófi eða sveinsprófi í iðngrein. Tæplega 500 (485) höfðu lokið prófi á háskólastigi, þar af tveir meistaragráðu.


Tafla 7. Hæsta próf nemenda í árgangi 1982 samkvæmt prófaskrá

Table 7. Highest graduation of students born in 1982 according to the register of graduations

Prófgráða <i>Diploma</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Alls <i>Total</i>	2.701	1.244	1.457
Grunnpróf á framhaldsskólastigi <i>Basic examination</i>	14	11	3
Hæfnispróf <i>Diploma of competence</i>	143	54	89
Réttindapróf verkgreina <i>Vocational certificate</i>	85	58	27
Burtfararpróf úr iðn <i>Certified trade, school certificate</i>	89	68	21
Sveinspróf úr iðn <i>Journeyman's examination</i>	200	154	46
Stúdentspróf starfsgreina <i>Matriculation vocational</i>	129	83	46
Stúdentspróf almennt <i>Matriculation general</i>	1.500	597	903
Iðnmeistarapróf <i>Master of trade</i>	12	3	9
Annað próf á viðbótarstigi <i>Other diplomas at the post-secondary non-tertiary level</i>	44	22	22
Próf á háskólastigi án háskólagráðu <i>Tertiary level diploma</i>	15	8	7
Fyrsta háskólagráða <i>First university degree</i>	464	184	280
Viðbótarnám eftir fyrstu háskólagráðu <i>Diploma after first university degree</i>	4	1	3
Meistaragráða <i>Master's degree</i>	2	1	1

Mynd 4. Hæsta próf nemenda í árgangi 1982 samkvæmt prófaskrá

Figure 4. Highest graduation of students born in 1982 according to the register of graduations



Brottfallshópurinn

1.651 hefur ekki lokið néinu námi á Íslandi við 24 ára aldur

Hópur þeirra sem ekki hafa lokið námi skiptist í tvennt. Annars vegar eru þeir 1.427 sem hafa stundað nám á Íslandi en ekki lokið því árið 2006. Hins vegar eru þeir 224, sem ekki hafa verið skráðir í neitt nám á Íslandi frá 1998 til ársins 2006 samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands.

Peir sem hafa stundað nám á Íslandi án þess að útskrifast

1.427 hafa stundað nám á Íslandi að loknum grunnskóla en ekki útskrifast

Í árganginum eru 1.427 einstaklingar sem hafa verið skráðir í nám á Íslandi að loknum grunnskóla samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands en ekki lokið námi. Það er tæpur þriðjungur árgangsins, eða 32,8%. Samkvæmt gögnum LÍN hafa 62 í þessum hópi stundað nám erlendis og hafa hugsanlega lokið námi þar (tafla 8). Hlutfall þeirra sem eru fæddir erlendis í þessum hópi er svipað og í árganginum í heild og því virðist sem þeir sem eru fæddir erlendis séu ekki líklegri til að hætta í námi en þeir sem eru fæddir á Íslandi. Hlutfall erlendra ríkisborgara í þessum hópi er nokkru herra en í árganginum í heild, þ.e. 1,6% brottfallshópsins en 0,9% í árganginum. Svo virðist sem færri erlendir ríkisborgarar ljúki námi en íslenskir ríkisborgarar. Hlutfall brottfallshópsins sem hafði búíð erlendis hluta tímabilsins var hæst 6,4% árið 2006, sem er nokkru lægra en þegar allur árgangurinn er skoðaður.

Tafla 8. Brottfallnir sem hafa stundað nám á Íslandi


Table 8. Dropouts who have studied in Iceland

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Hlutfall <i>Percent</i>		
				Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Alls <i>Total</i>	1.427	865	562	100,0	100,0	100,0
Hafa stundað nám erlendis <i>Studied abroad</i>	62	32	30	4,3	3,7	5,3
Fæddir erlendis <i>Not born in Iceland</i>	81	49	32	5,7	5,7	5,7
Elendir ríkisborgarar 1997 <i>Foreign citizens 1997</i>	23	15	8	1,6	1,7	1,4
Búsettir erlendis öll árin 1998–2006 <i>Residents abroad all years 1998–2006</i>	1	–	1	0,1	–	0,2
Látnir 1998–2006 <i>Deceased 1998–2006</i>	13	7	6	0,9	0,8	1,1

Skýringar *Notes:* Nemendur erlendis eru samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. *Students abroad are based on information from the Icelandic Student Loan Fund.*

334 nemendur voru enn í námi 2006

Þegar þeir 1.427 nemendur sem höfðu ekki útskrifast eru skoðaðir í nemendaskrá Hagstofu Íslands má sjá að tæplega fjórðungur hópsins er enn í námi, eða 334 nemendur (mynd 5, tafla 9). Þar af eru 27 nemendur í námi á háskólastigi (tafla 10). Þess má vænta að sumir þessara nemenda muni ljúka námi á næstu árum. Stærsti hópurinn sem hefur hætt námi, 209 manns, er síðast skráður í nám skólaárið 1998–1999. Flestir í hópnum hafa þá verið á fyrsta ári í framhaldsskóla en hafa síðan hætt námi. Rúmlega 60% þeirra sem hafa stundað nám en ekki útskrifast eru karlar, en hópurinn sem enn var í námi haustið 2006 skiptist jafnt á milli kynja. Nemendur sem hafa hætt námi frá 2002 skiptast nokkuð jafnt á milli nemenda í bóknámi og starfsnámi. Alls létust fimm nemendur á meðan þeir voru ennþá í námi.

Mynd 5. Síðasta námsár brotffallsnema í nemendaskrá*Figure 5. Last year of study of student dropouts in the student register***Tafla 9. Síðasta námsár brotffallsnema í nemendaskrá***Table 9. Last year of study of student dropouts in the student register*

Skólaár <i>School year</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Alls Total	1.427	865	562
1997–1998	1	–	1
1998–1999	209	128	81
1999–2000	156	102	54
2000–2001	112	80	32
2001–2002	93	59	34
2002–2003	105	68	37
2003–2004	121	76	45
2004–2005	130	72	58
2005–2006	166	111	55
2006–2007	334	169	165

Skýringar Notes: Síðasta námsár í nemendaskrá í námi á Íslandi. *Last year of study in Iceland according to the student register.*

Tafla 10. Síðasta nám brotffallsnema í nemendaskrá 2002–2006*Table 10. Last programme of study of student dropouts in the student register 2002–2006*

Nám <i>Programme of study</i>	Skólaár <i>School year</i>				
	2002– 2003	2003– 2004	2004– 2005	2005– 2006	2006– 2007
Alls Total	105	121	130	166	334
Bóknám á framhaldsskólastigi <i>General progr. at upper secondary level</i>	50	62	69	75	157
Starfsnám á framhaldsskólastigi <i>Vocational programme at upper secondary level</i>	54	59	59	83	148
Starfsnám á viðbótarstigi <i>Vocational progr. at post-secondary non-tertiary level</i>	–	–	1	–	2
Nám á háskólastigi <i>Programme at tertiary level</i>	1	–	1	8	27

Brottfallnir sem aldrei hafa stundað nám á Íslandi

224 hafa ekki stundað nám á Íslandi að loknum grunnskóla

Í árgangi 1982 eru 224 einstaklingar sem ekki hafa stundað neitt nám á Íslandi að loknum grunnskóla samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands. Það er 5,1% af árganginum. Þar af hafa tíu stundað nám erlendis samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Af þessum 224 manna hópi eru 18 fæddir erlendis, sem er 8% þessa brottfallshóps (tafla 11). Af öllum árganginum eru 5,3% fædd erlendis og því virðist sem fleiri í þessum hópi hætti námi en þeir sem fæddir eru á Íslandi. Fjórir erlendir ríkisborgarar eru í þessum brottfallshópi, eða 1,8% hópsins. Samsvarandi hlutfall í árganginum er 0,9%. Hér er um fáa einstaklinga að ræða og einn eða tveir einstaklingar til eða frá hafa mikil áhrif á hlutfallið. Því er ekki hægt að fullyrða um líkur á því að erlendir ríkisborgarar hætti námi að loknum grunnskóla út frá þessum tölum. Í þessum hópi voru 12 einstaklingar sem höfðu búið erlendis samfelld frá árinu 1998. Árið 2004 bjuggu 15,2% þessa brottfallshóps erlendis og öll árin frá árinu 2000 bjuggu meira en 10% þessa hóps erlendis.

Tafla 11. Brottfallnir sem ekki hafa stundað nám á Íslandi

Table 11. Dropouts who have not studied in Iceland

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Hlutfall <i>Percent</i>		
				Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Alls <i>Total</i>	224	152	72	100,0	100,0	100,0
Hafa stundað nám erlendis <i>Studied abroad</i>	10	3	7	4,5	2,0	9,7
Fæddir erlendis <i>Not born in Iceland</i>	18	11	7	8,0	7,2	9,7
Erlendir ríkisborgarar 1997 <i>Foreign citizens 1997</i>	4	3	1	1,8	2,0	1,4
Búsettir erlendis öll árin 1998–2006 <i>Residents abroad all years 1998–2006</i>	12	6	6	5,4	3,9	8,3
Látnir 1998–2006 <i>Deceased 1998–2006</i>	4	4	–	1,8	2,6	–

Tafla 12. Brautskráningar á framhaldsskólastigi eftir sviði

Table 12. Graduations at the upper secondary level by field

Almenn svið <i>Broad fields</i>	Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Hlutfall <i>Percent</i>		
				Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Brautskráningar alls <i>Total graduations</i>	3.674	1.808	1.866	100,0	49,2	50,8
Grunnnám <i>General programmes</i>	2.241	929	1.312	100,0	41,5	58,5
Menntun <i>Education</i>	–	–	–	–	–	–
Hugvísindi og listir <i>Humanities and arts</i>	99	45	54	100,0	45,5	54,5
Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði <i>Social sciences, business and law</i>	361	175	186	100,0	48,5	51,5
Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði <i>Sciences, mathematics and computing</i>	43	41	2	100,0	95,3	4,7
Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð <i>Engineering, manufacturing and construction</i>	567	537	30	100,0	94,7	5,3
Landbúnaður <i>Agriculture</i>	31	13	18	100,0	41,9	58,1
Heilbrigði og velferð <i>Health and welfare</i>	57	4	53	100,0	7,0	93,0
Þjónusta <i>Services</i>	275	64	211	100,0	23,3	76,7

Skýringar Notes: Flokkun náms á svið samkvæmt alþjóðlegu menntunarflokkuninni ISCED97. Classification by fields according to ISCED97.

Tafla 13. Brautskráningar á viðbótarstigi eftir sviði

Table 13. Graduations at the post-secondary non-tertiary level by field

Almenn svið <i>Broad fields</i>	Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Hlutfall <i>Percent</i>		
				Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Brautskráningar alls <i>Total graduations</i>	59	26	33	100,0	44,1	55,9
Grunnnám <i>General programmes</i>	–	–	–	–	–	–
Menntun <i>Education</i>	1	1	–	100,0	100,0	–
Hugvísindi og listir <i>Humanities and arts</i>	2	–	2	100,0	–	100,0
Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði <i>Social sciences, business and law</i>	–	–	–	–	–	–
Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði <i>Sciences, mathematics and computing</i>	8	7	1	100,0	87,5	12,5
Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð <i>Engineering, manufacturing and construction</i>	14	14	–	100,0	100,0	–
Landbúnaður <i>Agriculture</i>	1	1	–	100,0	100,0	–
Heilbrigði og velferð <i>Health and welfare</i>	–	–	–	–	–	–
Þjónusta <i>Services</i>	33	3	30	100,0	9,1	90,9

Skýringar Notes: Flokkun náms á svið samkvæmt alþjóðlegu menntunarflokkuninni ISCED97. Classification by fields according to ISCED97.

Tafla 14. Brautskráningar á háskólastigi eftir sviði*Table 14. Graduations at the tertiary level by field*

Almenn svið <i>Broad fields</i>	Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Hlutfall <i>Percent</i>		
				Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Brautskráningar alls <i>Total graduations</i>	494	198	296	100,0	40,1	59,9
Grunnnám <i>General programmes</i>	–	–	–	–	–	–
Menntun <i>Education</i>	72	6	66	100,0	8,3	91,7
Hugvísindi og listir <i>Humanities and arts</i>	64	24	40	100,0	37,5	62,5
Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði <i>Social sciences, business and law</i>	193	85	108	100,0	44,0	56,0
Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði <i>Sciences, mathematics and computing</i>	63	31	32	100,0	49,2	50,8
Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð <i>Engineering, manufacturing and construction</i>	73	48	25	100,0	65,8	34,2
Landbúnaður <i>Agriculture</i>	6	2	4	100,0	33,3	66,7
Heilbrigði og velferð <i>Health and welfare</i>	17	1	16	100,0	5,9	94,1
Þjónusta <i>Services</i>	6	1	5	100,0	16,7	83,3

Skýringar *Notes:* Flokkun náms á svið samkvæmt alþjóðlegu menntunarflokkuninni ISCED97. *Classification by fields according to ISCED97.*

English summary

In Iceland there are 4,352 individuals born in 1982. The educational history and graduations of this cohort is examined in the Statistics Iceland student register and the register of graduations until the year 2006. In 2006 this cohort is 24 years old. The results show that in 2006 62.1% of the age cohort had graduated from some programme of study in Iceland. Most had completed matriculation examination, which grants admission to university. Graduations from general programmes were approximately 60% of all graduations at the upper secondary level. A total of 58.3% of the age cohort have upper secondary level educational attainment, which means that they can progress to the next level of education. More females than males graduate. A total of 65.8% of females had upper secondary level attainment and 51.4% of males. More residents in the capital city area graduated than residents in other parts of the country. In Reykjavík 62.4% of residents in 1997 had completed the upper secondary level in 2006, but 48.3% of residents in the Southwest and in the Westfjords. A total of 1,427 students from this cohort had studied in Iceland after completing compulsory education but had not graduated in 2006. Thereof almost one-quarter is still attending school; 334 students. Out of the 1982 cohort 224 individuals have not studied in Iceland after completing compulsory education, or 5.1% of the age group.

Hagtiðindi Skólamál
Statistical Series *Education*

93. árgangur nr. 37 2008:3

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-469X (pappír *paper*) • ISSN 1670-4703 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Ásta M. Urbancic • asta.urbancic@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series